

## REGLUGERÐ

### um bann við togveiðum fyrir Suðausturlandi.

#### 1. gr.

Frá og með 1. maí 1994 til og með 14. maí 1994 eru allar togveiðar bannaðar fyrir Suðausturlandi innan 9 sjómílna frá viðmiðunarlínu sbr. 3. gr. laga nr. 81/1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Að vestan markast svæðið af 18°V og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi austur frá Hvítungum (viðmiðunarpunktur 9).

#### 2. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81, 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 5. apríl 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Arni Kolbeinsson.*

## AUGLÝSING

### um verðjöfnun vegna útflutnings sjávarafurða í aprílmánuði 1994.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 39, 15. maí 1990, um Verðjöfnunarsjóð sjávarútvegsins, hefur hlutfall af andvirði sjávarafurða sem inn- og útgreiðslur skulu miðast við vegna útflutnings í aprílmánuði 1994 verið ákveðið sem hér segir:

1. Skreið..... Útborgun 8,5%

Ofangreind útborgun er af reikningi deildar fyrir viðkomandi afurð úr Verðjöfnunarsjóði fiskiðnaðarins. Reynist innstæða reiknings ekki hrökkva til greiðslu ákvarðaðs útborgunarhlutfalls vegna útflutnings viðkomandi afurðar í aprílmánuði, skal lækka útborgun hlutfallslega.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 7. apríl 1994.*

**Þorsteinn Pálsson.**

*Gylfi Gautur Pétursson.*